

STJÓRNARTÍÐINDI B 25 – 1990

Nr. 178

462

2. maí 1990

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 175 27. apríl 1990, um sérstök togveiðisvæði við SA-ströndina samkvæmt lögum nr. 3, 8. janúar 1988.

1. gr.

Í stað orðanna „frá viðmiðunarlínu samkvæmt lögum nr. 81/1976“ í 1. ml. 1. mgr. 1. gr. komi orðin: frá fjörumarki meginlandsins.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 19. gr. laga nr. 3, 8. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988–1990, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 2. maí 1990.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Pórður Eyþórsson.

Nr. 179

20. apríl 1990

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingum á áður staðfestu aðalskipulagi Keflavíkur 1982-2002.

Samkvæmt skipulagslögum nr., 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 27. mars 1990, staðfest þær breytingar á aðalskipulagi Keflavíkur að iðnaðar/útivistarsvæði sunnan Aðalgötu verður íbúðarsvæði og gatan Heiðarból opnast út í Vesturgötu.

Framangreindar breytingar hafa hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir. Bæjarstjórn Keflavíkur hefur samþykkt þær og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt þær til staðfestingar ráðuneytisins.

Félagsmálaráðuneytið, 20. apríl 1990.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.